



# HLUTHAFAFUNDUR

ICELANDAIR GROUP HF.

Stjórn Icelandair Group hf. boðar til hluthafafundar miðvikudaginn 15. september 2010, kl. 16:00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

## DAGSKRÁ

1. Kjör stjórnar og varastjórnar skv. 5. gr. samþykktu félagsins
2. Önnur mál

## FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna félagsstjórn um framboð sitt skemmt 5 dögum fyrir hluthafafund. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

## REGLUR UM ÞÁTTTÖKU HLUTHAFA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU

Hluthafar eiga rétt á að fá mál tekin á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá verður lögð fram viku fyrir fundinn. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is)

Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði, að frátöldum eigin hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem sækja ekki hluthafafundinn geta annaðhvort: a) kosið um dagskrármál með skriflegum eða rafrænum hætti, eða b) veitt umboð.

Beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum eða rafrænum hætti þarf að berast félaginu eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfundinn. Atkvæði þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund. Hluthafar geta einnig greitt atkvæði í höfuðstöðvum félagsins á skrifstofutíma alla virka daga fyrir aðalfundardag.

Hluthafar geta annaðhvort veitt skriflegt eða rafrænt umboð að uppfylltum ákveðnum formkröfum sem fram koma á vefsíðu félagsins. Rafræn umboð þarf að senda í gegnum aðgangskerfi hluthafa hjá félaginu. Umboð þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund eða á fundarstað.

Upplýsingar um framboð til stjórnar verður kynnt á vef félagsins tveimur dögum fyrir fundinn.

Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is)

Reykjavík, 25. ágúst 2010,  
stjórn Icelandair Group hf.

